

Góðir uppeleishættir

NÁMSKEIÐ FYRIR FORELDRA LEIKSKÓLABARNA UM UPELDI

Ragnildur Gunnlaugsdóttir aðstoðarleikskólastjóri

LEIKSKÓLINN AKRAR, 2018 |

-Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins var að veita foreldrum stuðning við uppeldishlutverkið. Að gefa þeim vettvang til að koma saman og ræða ýmislegt sem snýr að uppeldi í traustum og öruggum hóp. Að gefa foreldrum verkfæri til að nota þegar heim er komið til að takast á við þau vandamál sem geta komið upp. Að foreldrar geti notað aga á árangursríkan og jákvæð hátt og þar með alið upp ábyrga og sjálfstæða einstaklinga.

-Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum, þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis

Á foreldrafundi leikskólans sem var haldin í september sagði ég foreldrum frá því að ég ætlaði að vera með námskeið í október og var ég einnig með auglýsingu sem foreldrar gátu tekið með sér. Þeir foreldrar sem höfðu áhuga á að mæta gátu skráð sig með því að senda póst á pósthafið mitt. Það fylltist fljótt á námskeiðið þannig ég tók þá ákvörðun að vera með annað námskeið í febrúar - mars 2019.

Námskeiðið var fjögur kvöld (einu sinni í viku í fjórar vikur) tvo klukkutíma í senn, frá klukkan 20:00-22:00. Það var einungis pláss fyrir 10 foreldra og lagði ég upp með að báðir foreldrar sæju sér fært á að mæta öll kvöldin. Á námskeiðinu lærum við með hvert öðru og af hvert öðru og það er auðveldara í minni hópum þar sem allir fá tækifæri til að segja frá og spyrja. Einnig er auðveldara að mynda traust í hópnum ef þátttakendur eru færri.

-Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Ég þurfti að gera töluverðar breytingar frá upphaflegri áætlun þar sem ég fékk tæplega einn þriðja af styrknum, ég sótti um 490.000 en fékk 150.000. Ég ætlaði að vera með tvö námskeið, eitt að kvöldi til og eitt á laugardagsmorgnum þar sem foreldrar gátu komið með börnin með sér. Ég hætti strax við námskeiðið á laugardagsmorgnum þar sem ég var ekki með pening til að borga laun fyrir starfsmennina sem yrðu með börnunum. Ég tók síðan þá ákvörðun að taka gjald fyrir námskeiðið, 10.000 kr. fyrir einstakling og 16.000 kr. fyrir hjón/par, til að koma á móts við launakostnaðinn hjá mér. Einnig breytti ég nafninu á námskeiðinu úr „Góðir uppeldishættir“ í „Leiðandi uppeldi“.

-Mat á verkefninu

Á síðasta kvöldinu þá svöruðu foreldrarnir nokkrum spurningum til að meta námskeiðið. Foreldrarnir voru mjög ánægðir með námskeiðið og sögðust þeir allir finna fyrir trausti í hópnum, sem var eitt af markmiðunum. Foreldrarnir töldu allir að þeir höfðu fengið verkfæri til að nýta heima við ásamt auknu öryggi til að halda áfram á þeirri braut sem þeir voru á, er

varðar uppeldishlutverkið. Foreldrarnir töluðu einnig um það hversu gott það var að koma saman og hitta aðra foreldra og sjá að það eru allir að glíma við svipaða hluti. Námskeiðið var fjögur skipti og með því að hittast einu sinni í viku fengu foreldrar stuðning til að vera staðföst í því sem þeir voru að takast á við í það skiptið.

Ráðstöfun styrks þ.e.

Vinna við undirbúning og skýrslugerð	77.049 kr.
Efniskaup: Stór flettitafla, pappír, blek, minniskubbur, taska og margt fleira	63. 195 kr.
Veitingar á námskeiðskvöldum	9.756 kr.
Samtals	150.000 kr.

-Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Ég tel það mikinn ávinning að foreldrar geti leitað til aðila innan leikskólans um stuðning í foreldrahlutverkinu. Með þessu er verið að auka samvinnu milli foreldra og skólasamfélagsins. Ég tel að með þessu geta foreldrar fundið fyrir öryggi þar sem auðvelt er fyrir þá að leita eftir stuðning. Það er mikill ávinningur fyrir alla aðila að foreldrar barna innan sama leikskólans geti komið saman og rætt hluti sem snúa að uppeldi með fagaðila og um leið stækkað og styrkt tengslanetið í kringum börnin.